

Sp.

33. Tillaga til þingsályktunar

[31. mál]

um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenskum togurum.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að láta hið bráðasta fara fram réttarrannsókn á slysum þeim, sem orðið hafa á íslenskum togurum frá ársbyrjun 1948 og til þessa dags.

Með rannsókninni skal leiða í ljós:

1. Hversu mörg og hvers konar slys hafa orðið á togurunum nefnt tímabil.
2. Hverjar höfuðorsakir megi telja til slyssanna.

Á grundvelli þessarar rannsóknar og með hliðsjón af löggjöf annarra þjóða um þetta efni skal ríkisstjórnin undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má, frumvarp til breytinga á sjómanþalöggunum, þar sem m. a. sé lögð rík ábyrgð á hendur útgerðum og yfirmönnum veiðiskipa, til þess að koma í veg fyrir, að of mikið kapp eða varúðarleysi valdi slysum á skipverjum eða líftjóni.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er samhljóða þáttill., er ég hef flutt á tveimur síðustu þingum. Málið hefur ekki fengið afgreiðslu á þeim þingum, heldur í bæði skiptin verið svæft í allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Með því að ég tel málið hins vegar mjög mikilsvert og þarfnast alvarlegrar athugunar og úrlausnar, freista ég þess enn að bera till. fram og vænti þess, að Alþingi skjóti sér ekki lengur undan því að afgreiða hana.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var flutt hið fyrsta sinn:

„Það er að vonum orðið mönnum hið mesta áhyggjuefni, hversu mörg slys, meiri og minni, verða á togurum okkar, þegar þeir eru að veiðum. Allt of oft gerist það, að menn tekur út af togurunum og drukkna. Hitt er þó miklu tíðara — og miklu oftar en opinberlega er frá því greint —, að menn á togurunum slasast meira eða minna við vinnu sína, þótt ekki dragi það til dauða.

Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert, að með stærri og traustari skipum — sem að réttu lagi ættu að auka öryggi skipshafnanna — virðist þessum slysum fara fjölgandi. Bendir það ótvírætt í þá átt — sem einnig mun vera orðin almenn skoðun —, að á þessum nýju og vönduðu skipum sé veiðiskapurinn sóttur af því ofurkappi, sem ekki kunní góðri lukku að stýra, og megi rekja hin tíðu slys á togurunum m. a. til þessa.

Ég tel þetta mál svo alvarlegt, að full ástæða sé til þeirrar rannsóknar, sem þingsályktunartillagan felur í sér, svo að úr því verði skorið, hvort framangreind skoðun hefur við rök að styðjast, — og ef svo reynist — þá verði tafarlaust sett lagaákvæði, sem miði að því að draga úr slíku forsjárlausu kappi í sjósókninni og þar með minnka slyshættuna.“